

**Nd.**

## **128. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmál-efna, er starfi í atvinnumálaráðuneytinu. Ennfremur er atvinnumálaráðherra heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn atvinnu- málaráðuneytisins.

Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf eftirlitsmanns og trúnaðarmanna, og greiðist hún úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

2. Við 4. gr. Í stað orðanna „um lengri eða skemmri tíma“, í lok greinarinnar, komi: þó eigi lengur en eitt ár í senn.